



Barst með tölvupósti 18. júní 2026

Efni: Ósk eftir stuðningi

Hér með óskar Minjastofnun eftir stuðningi sveitarfélagsins vegna skráningar menningarminjar á Langesi.

Síðustu tvö sumur hafið þið útvegað gistingu fyrir fornleifafræðinga sem hafa komið og skráð minjar á utanverðu Langesi, sjá skýrslur

https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_3280_2.pdf

https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_3280_1.pdf

https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_3280.pdf

Við fengum aftur smá fjármagn til að halda vinnunni áfram án þess væri mikið stoð í því að fá þetta framlag frá sveitarfélaginu, síðast gistu þær í Lyngholti sem var þægilegt upp á fjarlægðina að gera. Þetta gæti orðið 4 nætur en dagsetningar eru ekki alveg komnar, yrði einhvern tímann í ágúst.

Minjastofnun Íslands hefur sl 3 ár nýtt framlag sem við höfum fengið úthlutað af Byggðaaáætlun (verkefni B10 sjá <https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-og-byggdamal/byggdamal/adgerdaaetlun-2022-2026/stok-adgerd/?itemid=48faa008-1736-11ed-9baf-005056bc4727>)

Í skráningu fornleifa á utanverðu Langesi. Við höfum nýtt styrkinn til að ráða Guðnýju Zoega fornleifafræðing til að vinna skráninguna. En sveitarfélagið hefur hingað til styrkt verkefnið með því að útvega gistingu fyrir 3-4 daga sem vinnan tekur á svæðinu.

Gróðinn fyrir sveitarfélagið er mikill þar sem sveitarfélagið fær þarna virkilega vandaða og fullgilda skráningu fyrir alla skipulagsvinnu og eða önnur áform sem það gæti stefnt að á svæðinu.

Með kveðju

Sædis Gunnarsdóttir

Minjavörður Norðurlands eystra